



Bjarkarhlíð

Miðstöð fyrir þolendur ofbeldis

Ársskýrsla 2021

Ársskýrsla 2021

Ársskýrsla Bjarkarhlíðar 2021

Ábyrgðaraðili: Ragna Björg Guðbrandsdóttir, fráfarami teymisstjóri í Bjarkarhlíð og Hugrún Hrönn Kristjánsdóttir, teymisstjóri í Bjarkarhlíð

Uppsetning: Hugrún Hrönn Kristjánsdóttir, teymisstjóri í Bjarkarhlíð

Útgáfustaður: Reykjavík, mars 2022

Tölfræði: Drífa Jónasdóttir

Útgefandi: Bjarkarhlíð við Bústaðarveg www.bjarkarhlid.is

© Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti.

Efnisyfirlit

Upphafið	4
Bjarkarhlíð, frjáls félagasamtök	5
Hugmyndafræði	5
Hlutverk	5
Markmið	6
Samstarfsaðilar	6
Ferlið í Bjarkarhlíð	7
Birtingarmyndir ofbeldis	8
Fræðsla	9
Heimsóknir í Bjarkarhlíð	10
Samstarfsverkefni	11
Umbótaverkefni	12
Alþjóðlegt samstarf	12
Tölulegar upplýsingar 2021	13
Styrkir	28
Stefnumótun og kynningarstarf	28
Bjarkarhlíð til framtíðar	29

Upphafið

Undirrituð var viljayfirlýsing milli Reykjavíkurborgar, félagsmálaráðuneytis, dómsmálaráðuneytis, Lögreglunnar á Höfuðborgarsvæðinu, Stígamóta, Drekaslóðar, Kvennaathvarfsins, Kvennaráðgjafarinnar og Mannréttindaskrifstofu Íslands þann 4. október 2016. Eru þetta þeir samstarfsaðilar sem komu að stofnun Bjarkarhlíðar, miðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis. Ákveðið var að Bjarkarhlíð yrði þriggja ára tilraunaverkefni. Fyrir þann tíma var starfandi undirbúningshópur þar sem allir samstarfsaðilar áttu sinn fulltrúa. Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar hélt utan um verkefnið í byrjun og kom að ráðningu verkefnastjóra í nóvemberlok 2016. Bjarkarhlíð opnaði formlega 2. mars 2017 og í upphafi störfuðu tveir starfsmenn í Bjarkarhlíð ásamt rannsóknarlögreglukonu í fullu starfi frá Lögreglunni á Höfuðborgarsvæðinu. Ráðgjafar og stuðningsaðilar frá Kvennaathvarfi, Drekaslóð, Stígamótum, Kvennaráðgjöf og Mannréttindaskrifstofu Íslands sáu um reglulega viðveru í Bjarkarhlíð. Til viðbótar hafði Barnavernd Reykjavíkur aðstöðu í Bjarkarhlíð fyrir sálfræðinga sem sinntu börnum sem höfðu orðið vitni að ofbeldi. Frá 1. janúar 2019 hefur Bjarkarhlíð starfað sem frjáls félagasamtök þar sem allir samstarfsaðilar voru tilbúnir til að koma að starfinu áfram.

Á árinu 2021 voru tveir ráðgjafar starfsmenn Bjarkarhlíðar ásamt teymisstjóra. Fyrri part árs skiptu tvær rannsóknarlögreglukonur frá Lögreglunni á Höfuðborgarsvæðinu með sér einu stöðugildi. Seinni hluta árs var lögreglukona með viðveru í 75% starfshlutfalli. Ekki var um að ræða viðveru frá Barnavernd Reykjavíkur á árinu 2021.



Bjarkarhlíð, frjáls félagasamtök

Rekstrarform Bjarkarhlíðar er í formi frjálsra félagasamtaka. Í samþykktum félagsins er þess getið að allir samstarfsaðilar tilnefni einn í stjórn og einn varamann. Félagsmálaráðuneytið, dómsmálaráðuneytið og Reykjavíkurborg hafa tvo aðalmenn og tvo varamenn í stjórn. Haldnir voru tveir stjórnarfundir á árinu 2021, auk aðalfundar.

Framkvæmdastjórn Bjarkarhlíðar er skipuð fimm aðilum sem kosnir eru á aðalfundi og tveimur til vara. Formaður framkvæmdastjórnar og stjórnar á starfsárinu 2021 var Þorbjörg Inga Jónsdóttir, lögmaður og fulltrúi Kvennaráðgjafarinnar. Framkvæmdastjórn heldur almennt fundi hálfsmánaðarlega og voru haldnir 18 fundir á árinu 2021. Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á daglegum rekstri Bjarkarhlíðar og vinnur teymisstjóri í hennar umboði.

Hugmyndafræði

„Family Justice Center“ hugmyndafræðin byrjaði að þróast í Bandaríkjunum árið 1989 en fyrsta miðstöðin opnaði í San Diego árið 2002. Hugmyndafræðin var vel kynnt í Bandaríkjunum og eru nú miðstöðvar í líkingu við Bjarkarhlíð í mörgum fylkjum Bandaríkjanna. Ísland var áttunda landið í Evrópu til að þróa hugmyndafræðina en í dag eru 19 miðstöðvar í Evrópu, [EFJC European Family Justice Center](#). Þess má geta að tilraunaverkefni með sömu hugmyndafræði er nú starfrækt á Akureyri og nefnist Bjarmahlíð. Einnig eru Sigurhæðir á Selfossi byggðar upp með svipuðum hætti þó þjónustan þar miðist eingöngu við konur. Megininntakið í hugmyndafræðinni er að veita þjónustu fyrir fullorðna þolendur ofbeldis á einum stað, þeim að kostnaðarlausu.

Hlutverk

Bjarkarhlíð býður upp á áfallamiðaða ráðgjöf, stuðning og upplýsingar fyrir þolendur ofbeldis af öllum kynjum, 18 ára og eldri. Boðið er upp á samhæfða þjónustu á einum stað og hægt er að fá einstaklingsviðtöl þar sem boðið er upp á lögfræðilega ráðgjöf, félagslega ráðgjöf og stuðning. Til viðbótar veitir lögreglan upplýsingar um ferli mála í réttarvörslukerfinu og kemur málum í farveg innan lögreglunnar. Bjarkarhlíð er viðbót við þá starfsemi sem þegar er í boði fyrir þolendur ofbeldis og öll vinna er á forsendum þeirra sem þangað leita. Hægt er að koma á staðinn, hringja, senda tölvupóst eða bóka í gegnum vefsíðu og samfélagsmiðla. Aðgengilegt [kynningarmyndband](#) um starfsemina er á vefsíðu Bjarkarhlíðar.

Markmið Bjarkarhlíðar er að vera lágþröskuldaþjónusta fyrir þolendur ofbeldis; auka öryggi þjónustuþega og stuðla að valdeflingu þeirra, veita fræðslu og upplýsingar um eðli og afleiðingar ofbeldis, taka þátt í og koma að aukinni umræðu um ofbeldi í samfélaginu og senda skýr skilaboð um hver beri ábyrgð á ofbeldinu. Það er meðal annars gert með því að skapa hlýlegt og öruggt umhverfi í Bjarkarhlíð fyrir alla þolendur ofbeldis í nánum samböndum.

Samstarfsaðilar

Reykjavíkurborg leggur Bjarkarhlíð til húsnæðið við Bústaðarveg. Félagsmálaráðuneytið og dómsmálaráðuneytið hafa frá upphafi veitt árlegt fjármagn til starfsemi Bjarkarhlíðar. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leggur til starfsmann í hlutastarfi sem staðsettur er í Bjarkarhlíð og sinnir öllum samskiptum við lögreglu auk þess að taka þátt í daglegum verkefnum Bjarkarhlíðar. Frjálsu félagasamtökin Stígamót og Kvennaathvarfið eru með ráðgjafa á sínum vegum í Bjarkarhlíð og veita ráðgjöf og stuðning á staðnum. Ráðgjafi frá Drekaslóð hafði viðveru fyrri hluta árs. Mannréttindaskrifstofa Íslands og Kvennaráðgjöfin veita lögfræðiráðgjöf einu sinni í viku í Bjarkarhlíð. Samstarfsaðilar eru allir með fulltrúa í stjórn og stýra þannig stefnu og mótun starfsins í Bjarkarhlíð.



Stjórn Bjarkarhlíðar 2020-2021

Ferlið í Bjarkarhlíð

Bjarkarhlíð er lágþröskuldaþjónusta og ekki þarf tilvísun til að koma í fyrsta viðtal. Ráðgjafar Bjarkarhlíðar taka móttökuviðtal við þjónustuþega þegar þeir koma í Bjarkarhlíð. Fyllt er út eyðublað við fyrstu komu og farið yfir trúnað og persónuverndarstefnu, þar sem bakgrunnsupplýsingum um viðkomandi og eðli ofbeldisins sem hann hefur orðið fyrir er safnað í gagnagrunn með samþykki þjónustuþega. Tölfræði Bjarkarhlíðar byggir meðal annars á þessum gögnum.

Í framhaldinu er þjónustuþega boðinn áframhaldandi stuðningur og ráðgjöf hjá þeim aðilum sem best þykja til þess fallnir að vinna með afleiðingar þess ofbeldis sem hann hefur orðið fyrir. Áframhaldandi viðtöl og stuðningur er í boði hjá öðrum samstarfsaðilum Bjarkarhlíðar. Algengast er að Kvennaathvarfið og Stígamót hitti viðkomandi í nokkur skipti í Bjarkarhlíð en bjóði síðan upp á framhaldsviðtöl á starfsstöðvum sínum. Lögreglan og aðrir samstarfsaðilar bjóða upp á alla sína þjónustu í Bjarkarhlíð.



Birtingarmyndir ofbeldis

Ofbeldi á sér margar birtingarmyndir. Í Bjarkarhlíð eru teknar saman upplýsingar um ofbeldið sem þjónustuþegi greinir frá og eru eftirfarandi birtingarmyndir notaðar til grundvallar í þessari skýrslu. Athugið að einungis nokkur dæmi eru gefin við hverja tegund ofbeldis en þau eru vitaskuld fleiri.

- **ANDLEGT OFBELDI:** til dæmis stjórnun, kúgun, niðurlæging, sjálfsvígshótanir, einangrun, morðhótun, ógnandi hegðun og gaslýsing þar sem brotapolí fer að efast um minni sitt og upplifanir.
- **LÍKAMLEGT OFBELDI:** til dæmis að hrinda, ýta, slá, halda, kýla, sparka í, brenna, drekkja, kæfa, kyrkja.
- **KYNFERÐISLEGT OFBELDI:** til dæmis að þvinga til kynferðislegra athafna, pressa/suða/hóta, vakna við nauðgun/"kynlíf", byrlun og kynfrelsi ekki virt.
- **MANSAL:** hagnýting á bágum aðstæðum einstaklings til kynlífsþjónustu. Nauðungarvinna sem oft er nefnt nútímaþrælahald fellur einnig undir þennan flokk.
- **FJÁRHAGSLEGT OFBELDI:** til dæmis að skemma muni, skerða aðgang að fjármunum, veita ekki upplýsingar um fjárhagslega stöðu, fjárhagslegt óöryggi, krafa um lántöku og skuldsetning einstaklings gegn hans vilja.
- **STAFRÆNT OFBELDI:** misnotkun á samfélagsmiðlum, hótanir gegnum miðla, persónustuldur.
 - ...þar af stafrænt kynferðisofbeldi: til dæmis myndbirtingar eða hótanir um slíkt á samfélagsmiðlum.
- **ELTIHRELLIR (STALKING):** til dæmis að elta manneskju og/eða sitja fyrir henni gegn vilja hennar, njósnir og ofsóknir, staðsetningarbúnaði komið fyrir í síma eða ökutæki.
- **BEINT OG/EÐA ÓBEINT OFBELDI GEGN BÖRNUM:** einhvers konar líkamlegt, andlegt og/eða kynferðislegt ofbeldi sem gerist inni á heimilinu, hvort sem það beinist gegn barni eða ekki.
- **VANRÆKSLA VIÐKVÆMRA HÓPA:** til dæmis aðstoð haldið viljandi frá viðkomandi, lyfjagjöf ekki sinnt sem skyldi o.fl.
- **OFBELDI SEM FELUR Í SÉR MISMUNUN:** ofbeldi og áreitni sem beinist t.d. að uppruna, kyni, kynþætti, kynhneigð, kynvitund, skerðingu eða annarri stöðu viðkomandi.

Þjónustuþegar Bjarkarhlíðar eiga það sameiginlegt að hafa sætt ofbeldi og vilja vinna með afleiðingar þess. Ofbeldi í nánum samböndum er samfélagslegt, heilsufarslegt og félagslegt vandamál þar sem þverfagleg samvinna ólíkra úrræða og félagasamtaka getur stuðlað að heildarsýn varðandi afleiðingar og úrræði.

Fagfólk úr ýmsum starfsstéttum hefur sýnt starfsemi Bjarkarhlíðar áhuga. Bjarkarhlíð fagnaði heimsóknnum frá hinum ýmsu stofnunum og félagasamtökum, ásamt því að starfsfólk Bjarkarhlíðar hefur kynnt starfsemina þar sem þess er óskað.

Starfshópur Bjarkarhlíðar fékk kynningu frá Gyðu Hjartardóttur og Sigrúnu Júlíusdóttur félagsráðgjöfum um verkefni sem þær hafa þróað í samvinnu við félagsmálaráðuneytið „Samvinna eftir skilnað“. Teymisstjóri var með kynningu á starfi Bjarkarhlíðar á fundi Ofbeldisvarnarnefndar Reykjavíkurborgar. Netkynning var fyrir Borgarholtsskóla og Kvennaskólann þar sem starfsemin var kynnt. Teymisstjóri kynnti starfsemi Bjarkarhlíðar fyrir starfsfólki Eflingar og VR þar sem áhersla var á mansal. Starfsfólk borgarþjónustu utanríkisráðuneytis fékk fræðsluerindi um Bjarkarhlíðarmódelið. Teymisstjóri kynnti starf Bjarkarhlíðar fyrir 6. árs læknanemum. Bráðalæknar á bráðamóttöku LSH og heimilislæknar fengu jafnframt kynningu. Starfsfólk Bjarkarhlíðar fór á málstofu í húsi Vigdísar Finnbogadóttur þar sem kynning var á bókinni „Kona fer í stríð“ og fjölmennningarlegar umræður í kjölfarið. Sædis Jana Jónsdóttir og Marta Kristín Heiðarsdóttir, sérfræðingar í upplýsinga- og áætlanadeild LRH, héldu kynningu fyrir starfsfólk Bjarkarhlíðar „*Áhættumat í nánnum samböndum – úr verkfærakistu lögreglu*“. Anna Kristín Newton sálfræðingur kom og kynnti nýtt úrræði „Taktu skrefið“ sem er úrræði fyrir fólk sem hefur áhyggjur af kynferðislegri hegðun sinni eða hefur beitt kynferðisofbeldi. Þar starfar hópur sálfræðinga með sérþekkingu á þessu sviði og aðstoðar ungmenni og fullorðna.

Teymisstjóri tók þátt í ráðstefnu í boði norrænu ráðherranefndarinnar í Finnlandi um mansal. Auk þessa fékk teymisstjóri boð um að taka þátt í fjölmiðlaþjálfun FKA.



Heimsóknir í Bjarkarhlíð

Starfshópur VIRK kom í Bjarkarhlíð og fékk kynningu. Starfsmenn Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða fengu kynningu á starfi Bjarkarhlíðar, auk þess sem stuðningur og ráðgjafadeild Laugardals og Háaleitis komu í heimsókn og kynntu sitt starf ásamt því að fá kynningu á Bjarkarhlíð.

Tveir hópar nema í bráðahjúkrun komu á kynningu í Bjarkarhlíð. Prestar úr Bústaðakirkju komu í heimsókn til að kynna sig og fræðast um starfið. Hópur aðgerðarsinna frá Póllandi, sem berst gegn kynbundnu ofbeldi, kom í heimsókn og sagði frá sínu starfi og fékk kynningu á starfi Bjarkarhlíðar. Sendiherra Bandaríkjanna ásamt starfsfólki kom og kynnti sér Bjarkarhlíð. Frambjóðendur VG í Reykjavík komu og kynntu sér starfsemi Bjarkarhlíðar í aðdraganda kosninga. Píratar komu í heimsókn eftir kosningar og kynntu sér Bjarkarhlíð. Starfshópur Fjölskyldusviðs hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu kom í heimsókn og kynnti sér starf Bjarkarhlíðar og kynnti nýjungar í sínu starfi. Formaður samtaka um foreldrajafnrétti kom í heimsókn og kynnti sér starfið.



Samstarfsverkefni

Frá upphafi hefur Bjarkarhlíð átt í samstarfi við félagsráðgjafadeild Háskóla Íslands varðandi starfsnema. Var einn mastersnemi í seinna starfsnámi sínu í fjóra mánuði á vorönn 2021. Annar nemi lauk fyrra starfsnámi sem var sex vikur á haustönn 2021. Starfsnemar eru mikilvæg viðbót við starfsemi Bjarkarhlíðar og hafa þeir sinnt ýmsum verkefnum og framkvæmt þjónustukönnun.

Háskólinn í Reykjavík fékk kynningu á tilraunaverkefni Bjarkarhlíðar um mansal í áfanga um skipulagða brotastarfsemi sem kenndur er af Svölu Ísfeld Ólafsdóttur lögfræðingi.

Fundur fólksins sem haldinn var haustið 2021 óskaði eftir framlagi frá Bjarkarhlíð. Var haldin málstofa þar sem Bjarkarhlíð, Bjarmahlíð og Sigurhæðir kynntu hugmyndafræði miðstöðva sinna.

Frá Háskólanum á Akureyri komu þrír nemar í 40 tíma starfsþjálfun í samfélagshjúkrun. Nemar í hjúkrunarfræði við Háskólann á Akureyri hafa einnig komið í styttra starfsnám í Bjarkarhlíð.

Landssamtökin Þroskahjálp óskuðu eftir samstarfi í gerð kynningarefnis fyrir sitt félagsfólk sem fólst í sýndarveruleikamyndbandi til að hjálpa fólki að nálgast þjónustu Bjarkarhlíðar með öruggari hætti.

Samstarf við Tengja sem eru frjáls félagasamtök sem vinna með menningarnæmi og miðaustrlönd hófst á þessu ári og fékk starfsfólk Bjarkarhlíðar námskeið í menningarlæsi þegar kemur að fólki frá miðaustrlöndum.



Umbótaverkefni

Samráðshópur um mansal hefur verið starfandi á vegum dómsmálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis og hefur teymisstjóri verið fulltrúi Bjarkarhlíðar. Hlutverk hans er m.a. að vinna að úrbótum í málefnum þolenda mansals á Íslandi og undirbúningi að opnun samhæfingarmiðstöðvar fyrir þolendur mansals.

Þann 1. júlí 2021 gerði félagsmálaráðuneytið áframhaldandi styrksamkomulag við Bjarkarhlíð um umsjá framkvæmdateymis um mansalsmál, sem undanfarin ár hefur verið leitt af félagsmálaráðuneytinu. Teymið er kallað saman þegar upp koma mansalsmál, eða þegar grunur er um slíkt, í þeim tilgangi að samhæfa störf og viðbrögð þeirra aðila sem koma að velferðarþjónustu til þolenda mansals á fyrstu stigum máls. Í framkvæmdateyminu hafa átt sæti fulltrúar frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, Útlendingastofnun, félagsþjónustu þess sveitarfélags þar sem mál koma upp auk félagsþjónustu þess sveitarfélags sem viðkomandi er með lögheimili, Kvennaathvarfinu, Vinnumálastofnun, verkálýðshreyfingunni, heilsugæslu og öðrum viðeigandi aðilum, eftir atvikum.

Um er að ræða tilraunaverkefni til eins árs en verkefnið er liður í þingsályktun um áætlun fyrir árin 2019–2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess, sem samþykkt var á Alþingi í júní 2019.

Hlutverk Bjarkarhlíðar skv. styrksamkomulaginu er að:

1. Taka á móti tilkynningum um mansalsmál eða þegar grunur er um slíkt.
2. Hafa samband við viðeigandi aðila varðandi nauðsynlega velferðarþjónustu.
3. Boða framkvæmdateymi til fundar, ef þarf.
4. Halda utan um aðgerðir teymis í hverju máli.
5. Vinna samantekt um hvert mansalsmál.

Í upphafi verkefnisins var skipað sérstakt teymi innan Bjarkarhlíðar til þess að fylgja verkefninu eftir. Teymið skipa Einar G. Jónsson frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir frá Stígamótum og Margrét Steinarsdóttir frá Mannréttindaskrifstofu Íslands. Ragna Björg Guðbrandsdóttir félagsráðgjafi var teymisstjóri verkefnisins árið 2021.

Alþjóðlegt samstarf

Bjarkarhlíð er aðili að samtökunum *European Family Justice Center (EFJC)*. Samtökin hafa sýnt Bjarkarhlíð velvild frá upphafi. Teymistjóri tók þátt í netfundum á árinu 2021.

Teymistjóri Bjarkarhlíðar hefur verið tengiliður fyrir Íslands hönd í alþjóðlegu samstarfi þeirra sem veita þjónustu fyrir þolendur hatursglæpa á vegum ÖSE og ODIHR. „ODIHR Network of Experts on Hate Crime Victim Support“. Boðið hefur verið upp á netnámskeið fyrir þennan hóp sem teymisstjóri hefur sótt.

Tölulegar upplýsingar 2021

Grunnupplýsingar

Upplýsingar í ársskýrslu Bjarkarhlíðar eru fengnar úr spurningum í komuskýrslum sem allir þjónustugegar svara þegar þeir koma í fyrsta skipti í viðtal. Ráðgjafar Bjarkarhlíðar spyrja spurninganna og fylla inn í komuskýrsluna, en samskonar spurningarlisti er lagður fyrir alla þjónustugega.

Hér fyrir neðan er að finna upplýsingar úr helstu þáttum í komuskýrslu og í ákveðnum tilvikum skoðuð breyting milli ára. Athugið að í einhverjum tilfellum svöruðu ekki allir þjónustugegar öllum spurningum í komuskýrslu og í þeim tilfellum eru einungis svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar með í útreikningum fyrir þá spurningu.

Nánari upplýsingar frá fyrri árum má nálgast í ársskýrslum á [vefsíðu Bjarkarhlíðar](#).

Á árinu 2021 leituðu alls 1.059 einstaklingar til Bjarkarhlíðar í fyrsta viðtal. Fjöldi einstaklinga í fyrsta viðtal árið 2020 var 827 einstaklingar. Aukning milli áranna 2020 og 2021 er því 28%. Meirihluti þjónustugega (65%) er að koma vegna atviks sem er nýtt, þ.e. átti sér stað á undangengnu ári, en 35% þjónustugega leita til Bjarkarhlíðar vegna atviks sem er gamalt, þ.e. átti sér stað fyrir lengra en ári síðan.

Hér verður gerð nánari grein fyrir þeim þjónustugegum sem til Bjarkarhlíðar leituðu á árinu.



1. ÞJÓNUSTA ÁÐUR


Margir þjónustupegar höfðu fengið þjónustu annars staðar áður en þeir komu í Bjarkarhlíð, margir þeirra á fleiri en einum stað, en 206 einstaklingar höfðu aldrei fengið neina þjónustu áður en þeir leituðu til Bjarkarhlíðar. Sjá nánar í töflu 1.

Þjónusta áður	Fjöldi	Hlutfall
LÖGREGLU	291	27%
EKKERT AF OFANTÖLDU	206	19%
BARNAVERND	168	16%
KVENNAATHVARFI	142	13%
HEILSUGÆSLU/SPÍTALA	132	12%
ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ	121	11%
GÆÐDEILD	102	10%
SÝSLUMANNI	81	8%
BJARKARHLÍÐ	79	7%
STÍGAMÓTUM	69	7%
ANNAÐ	34	3%
BRÁÐAMÓTTÖKU LSH	31	3%
DREKASLÓÐ	22	2%
	1.478	140%

Tafla 1. Dreifing svara þjónustupega vegna þjónustu sem þeir höfðu fengið áður en þeir komu í Bjarkarhlíð á árinu 2021. Athugið að fjöldi svara (N=1.478) er hærri en fjöldi þjónustupega (N=1.059), en það skýrist af því að einhverjir þjónustupegar höfðu fengið aðstoð áður á fleiri en einum stað. Hlutfallsleg dreifing eins og sýnd er hér í prósentum miðast þó við fjölda einstaklinga (N=1.059) og er samanlagt hlutfall því hærri en 100%.

2. KOMUFJÖLDI EFTIR MÁNUÐUM

Að meðaltali komu 88 einstaklingar í fyrsta viðtal í Bjarkarhlíð í hverjum mánuði árið 2021. Flestir komu í fyrsta viðtal í júní eða 12% en færstir komu í fyrsta viðtal í júlí eða 6%. Sjá nánar dreifingu fyrstu viðtala á mynd 1.



Mynd 1. Dreifing fyrstu viðtala eftir mánuðum.

3. UPPLÝSINGAR UM ÚRRÆÐIÐ

Flestir heyrðu af Bjarkarhlíð í gegnum vin eða kunningja eða 350 einstaklingar (33%), en 205 sögðust hafa heyrt af Bjarkarhlíð í gegnum opinbera umfjöllun (20%). Einungis 2% þjónustuþega heyrðu af úrræðinu í gegnum barnavernd. Sjá nánar í töflu 2.

Heyrði af úrræðinu	Fjöldi	Hlutfall
VINUR/KUNNINGI/FJÖLSKYLDA	350	33%
OPINBER UMFJÖLLUN	205	20%
FANN SJÁLF/UR UPPLÝSINGAR	125	12%
VELFERÐARSVIÐ/FÉLAGSMÁLASVIÐ	122	12%
ÁFENGIS- OG VÍMUEFNAMEDFERÐ	59	6%
HEILBRIGÐISKERFIÐ	49	5%
LÖGREGLA	39	4%
VINNUSTAÐUR/SAMSTARFAÐILI	39	4%
SAMSKIPTAMIÐLAR	27	3%
BARNAVERND	19	2%
HJÁ VIRK	15	1%
NEYÐARLÍÑAN 1-1-2	1	0%
	1.050	100%

Tafla 2. Dreifing svara þjónustuþega við spurningunni „Hvernig heyrðir þú fyrst af Bjarkarhlíð?“

Áhugavert er að skoða hvernig þjónustupegar fengu upplýsingar um Bjarkarhlíð, en mikilvægt er að hafa slíkar upplýsingar tiltækar til að kanna hvar virðist mikið vísað á Bjarkarhlíð og hvar mætti mögulega gera betur. Ef árin 2020 og 2021 eru borin saman, virðist sem færri komi til Bjarkarhlíðar eftir ábendingar frá lögreglu (hlutfallið fer úr 14% í 4% milli ára) og heilbrigðiskerfinu (úr 10% í 5% milli ára) en fleiri en árið á undan virðast vera að leita sér sjálfir upplýsinga (úr 9% í 12% milli ára).

4. HAFÐI SAMBAND


Upplýsingar um hvernig þjónustupegi hafði samband við Bjarkarhlíð eru sömuleiðis mikilvægar til að fylgjast með því hvaða leiðir þjónustupegar vilja helst nota til að hafa samband við Bjarkarhlíð. Sjá töflu 3.

Samband fyrst	Fjöldi	Hlutfall
SÍMLEIÐIS	629	62%
NETBÓKUN	334	33%
TÖLVUPÓSTUR	39	4%
KOM Á STAÐINN	8	1%
FACEBOOK	3	0%
	1.013	100%

Tafla 3. Með hvaða hætti þjónustupegi hafði samband við Bjarkarhlíð til að fá tíma í fyrsta viðtal.

5. ALDUR

Aldur þjónustupega í Bjarkarhlíð árið 2021 var svipað dreifður og árið á undan. Flestir voru í aldurshópnum 18-30 ára (33%) og 31-40 ára (32%). Sjá mynd 2.



Mynd 2. Aldursdreifing þjónustuþega í Bjarkarhlíð árið 2021.

6. KYN OG KYNHNEIGÐ

Alls svöruðu 1.051 einstaklingur spurningunni um kyn. Meirihluti þjónustuþega eða 84% voru konur en 15% karlar. Fjórir einstaklingar skilgreindu kyn sitt á annan hátt. Sjá töflu 4.

Kyn	Fjöldi	Hlutfall
KONA	888	84%
KARL	159	15%
SKILGREINI Á ANNAN HÁTT	4	0%
	1.051	100%

Tafla 4. Skipting þjónustuþega eftir kyni; kona, karl, skilgreini á annan hátt.

Alls svöruðu 1.043 einstaklingar spurningunni um kynhneigð, flestir voru gagnkynhneigðir eða 92% þeirra sem svöruðu. Sjá töflu 5.

Kynhneigð	Fjöldi	Hlutfall
GAGNKYNHNEIGÐ	956	92%
KOM EKKI FRAM Í VIÐTALI	47	5%
SAMKYNHNEIGÐ	18	2%
TVÍKYNHNEIGÐ	13	1%
ER EKKI VISS	9	1%
	1.043	100%

Tafla 5. Dreifing svara um kynhneigð; gagnkynhneigð, kom ekki fram í viðtali, samkynhneigð, tvíkynhneigð, er ekki viss.

7. UPPRUNI

Þegar skoðaður er uppruni þjónustuþega er lítil breyting milli ára 2020 og 2021. Hlutfall þjónustuþega sem skilgreina sinn uppruna íslenskan fækkaði úr 94% í 91%. Sjá svör þeirra 1.050 sem svöruðu spurningunni um uppruna í töflu 6.

Uppruni	Fjöldi	Hlutfall
ÍSLENSKUR	959	91%
ERLENDUR (INNAN EVRÓPU)	44	4%
ERLENDUR (UTAN EVRÓPU)	47	4%
	1.050	100%

Tafla 6. Uppruni þjónustuþega sem leituðu til Bjarkarhlíðar árið 2021; íslenskur, erlendur (innan Evrópu), erlendur (utan Evrópu).

8. BÚSETA

Alls svöruðu 1.050 einstaklingar spurningu um búsetu. Flestir komu af höfuðborgarsvæðinu en alls bjuggu 656 (62%) þjónustuþegar í Reykjavík en 231 (22%) komu af höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur. Alls 133 (13%) komu af landsbyggðinni. Sjá töflu 7.

Búseta	Fjöldi	Hlutfall
REYKJAVÍK	656	62%
HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ UTAN REYKJAVÍKUR	231	22%
LANDSBYGGÐIN	133	13%
EKKI VITAÐ / ANNAÐ	16	2%
ERLENDIS	14	1%
	1.050	100%

Tafla 7. Búseta þjónustuþega.

9. HJÚSKAPARSTAÐA

Fleiri þjónustuþegar voru einhleypir, að skilja, fráskildir eða ekkjar/ekkjur (59%) heldur en þeir sem voru í sambandi eða giftir (40%). Sjá töflu 8.

Hjúskaparstaða	Fjöldi	Hlutfall
EINHLEYP/UR	459	44%
Í SAMBÚÐ/Í SAMBANDI	265	25%
GIFT/UR	156	15%
ER AÐ SKILJA/SLÍTA SAMBÚÐ	145	14%
EKKJA/EKKILL	12	1%
ANNAÐ	10	1%
	1.047	100%

Tafla 8. Hjúskaparstaða þjónustuþega sem leituðu í Bjarkarhlíð á árinu 2021. Við þessa spurningu vantar svör 12 einstaklinga og er nefnarinn því $N=1.047$ í útreikningum í töflu 8 en ekki 1.059 eins og heildarfjöldi þjónustuþega á árinu.

10. ATVINNUSTAÐA

Alls voru 48% þjónustuþega í fullu starfi eða hlutastarfi. Hlutfall öryrkja og þeirra sem voru á tímabundnum endurhæfingarlífeyri var 23% og atvinnulausir voru alls 78 (7%). Sjá töflu 9.

Atvinnustaða	Fjöldi	Hlutfall
Í FULLU STARFI	409	37%
ÖRYRKI/ENDURHÆFINGARLÍFEYRIR	258	23%
NEMI	163	15%
Í HLUTASTARFI	126	11%
ÁN ATVINNU	78	7%
ELLILÍFEYRISÞEGI	32	3%
FÆÐINGARORLOF	26	2%
ANNAÐ	11	1%
HEIMAVINNANDI	3	0%
	1.106	100%

Tafla 9. Atvinnustaða þjónustuþega þegar þeir komu í fyrsta viðtal í Bjarkarhlíð á árinu 2021. Samanlagður fjöldi svara þjónustuþega hér var 1.106 þar sem einhverjir eru t.d. í vinnu og í námi og er nefnarinn vegna útreikninga í töflu 9 því 1.106.

11. MENNTUNARSTIG

Meirihluti þjónustuþega höfðu lokið framhaldsskóla eða háskóla eða samtals 53%. Alls höfðu 26% einungis lokið grunnskólanámi. Sjá nánar í töflu 10.

Menntunarstig	Fjöldi	Hlutfall
HÁSKÓLANÁM	348	34%
GRUNNSKÓLANÁM	263	26%
FRAMHALDSSKÓLANÁM	188	19%
SÉRSKÓLI*	186	18%
ANNAÐ	31	3%
	1.016	100%

Tafla 10. Menntunarstig þjónustuþega sem komu í fyrsta viðtal í Bjarkarhlíð árið 2021. Sérskóli er t.d. Tækniskólinn eða sambærileg menntun.*

12. FÖTLUN EÐA SJÚKDÓMAR

Til að henda reiður á fjölda þeirra einstaklinga sem til Bjarkarhlíðar leita og búa við fötlun og/eða sjúkdóm eru þjónustuþegar spurðir hvort þeir búi við eitthvað af eftirfarandi; andlegan sjúkdóm, líkamlegan sjúkdóm, þroskaskerðingu, blindu/sjónskerðingu, hreyfihömlun, heyrnarleysi og/eða annað. Alls svöruðu 1.036 einstaklingar spurningunni og samtals greindu þeir frá alls 679 tegundum fötlunar og eða sjúkdóma. Sjá töflu 11.

Fötlun/sjúkdómur	Fjöldi
ANDLEGUR SJÚKDÓMUR	454
LÍKAMLEGUR SJÚKDÓMUR	164
ÞROSKASKERÐING	14
BLINDA/SJÓNSKERÐING	3
HREYFIHÖMLUN	8
HEYRNARLEYSI/SKERÐING	9
ANNAÐ	27
	679

Tafla 11. Fötlun og/eða sjúkdómar sem þjónustuþegar Bjarkarhlíðar 2021 glíma við.

13. BIRTINGARMYNDIR OFBELDIS

Í töflu 12 er gerð grein fyrir birtingarmyndum ofbeldis sem þjónustuþegar hafa mátt þola en alls greindu 1.047 einstaklingar frá 2.587 tegundum ofbeldis.

Tegund ofbeldis	Fjöldi	Hlutfall
ANDLEGT OFBELDI	929	89%
...ÞAR AF MORÐHÓTUN	76	7%
LÍKAMLEGT OFBELDI	464	44%
...ÞAR AF KYR KINGARTAK	113	11%
KYNFERÐISLEGT OFBELDI	442	42%
FJÁRHAGSLEGT OFBELDI	304	29%
BEINT/ÓBEINT OFBELDI GEGN BÖRNUM	226	22%
STAFRÆNT OFBELDI	127	12%
...ÞAR AF STAFRÆNT KYNFERÐISOFBELDI	25	2%
ELTIHRELLIR	82	8%
NÁÐIST EKKI AÐ SPYRJA	13	1%
	2.587	247%

Tafla 12. Birtingarmynd ofbeldis. Athugið að margir þjónustuþegar hafa mátt þola fleiri en eina tegund ofbeldis, því er samanlagt hlutfall hærra en 100% í töflu 11. Nefnarinn við útreikninga fyrir töflu 12 er 1.047, sem er fjöldi einstaklinga sem svöruðu spurningunni.



14. TENGLI VIÐ GERANDA


Ef svör þjónustuþega eru skoðuð út frá tengslum við geranda eru 87% þjónustuþega að koma vegna heimilisofbeldis, þ.e. gerandinn er barn, foreldri, ættingi, barnsfaðir eða núverandi/fýrrverandi maki. Sjá nánar í töflu 13.

Tengsl við geranda	Fjöldi	Hlutfall
FYRRVERANDI MAKI	525	50%
NÚVERANDI MAKI	203	19%
FORELDRI	103	10%
ÓKUNNUR	54	5%
VINUR/KUNNINGI	51	5%
ÆTTINGI	33	3%
BARN	32	3%
STJÚPFORELDRI	23	2%
FAGADILI	15	1%
SAMSTARFSMAÐUR	12	1%
FJÖLSKYLDUVINUR	7	1%
	1.058	100%

Tafla 13. Tengsl þjónustuþega við geranda.

15. KYN, ALDUR OG UPPRUNI GERENDA

Upplýsingar um kyn gerenda lágu fyrir í 1.041 málum. Karlar voru gerendur í 83% málanna og konur í 16% mála, 14 einstaklingar (1%) skilgreina kyn sitt á annan hátt. Flestir gerendur voru á aldursbilinu 31-40 ára (29%) en upplýsingar um aldur gerenda lágu fyrir í 1.005 málum. Sjá mynd 3.



Mynd 3. Aldursdreifing gerenda.

Upplýsingar um uppruna gerenda lágu til grundvallar útreikninga í 1.042 málum. Flestir gerendur voru íslenskir eða 85% en 7% höfðu erlendan uppruna, innan Evrópu og 8% höfðu erlendan uppruna, utan Evrópu. Svipaða sögu er að sjá fyrri ár. Sjá töflu 14.

Ár	Uppruni	Fjöldi	Hlutfall
2019	ÍSLENSKUR	439	80%
	ERLENDUR (INNAN EVRÓPU)	56	10%
	ERLENDUR (UTAN EVRÓPU)	51	9%
		546	
2020	ÍSLENSKUR	663	84%
	ERLENDUR (INNAN EVRÓPU)	73	9%
	ERLENDUR (UTAN EVRÓPU)	51	7%
		787	
2021	ÍSLENSKUR	891	85%
	ERLENDUR (INNAN EVRÓPU)	72	7%
	ERLENDUR (UTAN EVRÓPU)	79	8%
		1.042	

Tafla 14. Uppruni gerenda, samanburður síðustu þriggja ára.

16. VETTVANGUR OFBELDIS

Alls svöruðu 1.057 þjónustuþegar af 1.059 spurningunni um vettvang ofbeldisins en hluti þjónustuþega hefur upplifað ofbeldi oftár en einu sinni og því er samantlagður fjöldi hér 1.277. Algengast var að ofbeldið ætti sér stað inni á heimilinu eða í 84% tilfella. Sjá nánar töflu 15.

Vettvangur ofbeldis	Fjöldi	Hlutfall
SAMEIGINLEGT HEIMILI ÞOLANDA OG GERANDA	602	47%
HEIMILI ÞOLANDA	341	27%
HEIMILI GERANDA	134	10%
Á VÍÐAVANGI	35	3%
VINNUSTAÐUR	27	2%
Í BÍL	18	1%
Í MIÐBÆ REYKJAVÍKUR	12	1%
Á SKEMMTISTAÐ	4	0%
ANNAÐ	104	8%
	1.277	100%

Tafla 15. Vettvangur ofbeldisins. Nefnarinn hér er 1.277.

17. VOPN OG EYÐILEGGING MUNA

Af 1.059 þjónustuþegum svöruðu 1.022 (97%) spurningunni um vopnanotkun í tengslum við ofbeldisatvik af hálfu geranda. Alls sögðu 13% þjónustuþega að gerandi hafi beitt vopni í tengslum við ofbeldið. Sjá töflu 16.

Alls svöruðu 1.051 einstaklingar (99%) af 1.059 spurningu um hvort gerandi hafi eyðilagt muni þjónustuþega. Alls 36% sögðu „já“ við spurningunni en 64% „nei“. Sjá töflu 16.

	Já	Nei
VOPNANOTKUN	131 (13%)	891 (87%)
EYÐILEGGING MUNA	383 (36%)	668 (64%)

Tafla 16. Vopnanotkun og eyðilegging muna.

18. AFLEIÐINGAR OFBELDIS

Afleiðingar ofbeldis geta verið margskonar og eru ekki bundnar við andlegar, líkamlegar og/eða fjárhagslegar afleiðingar sem þolandinn þarf að glíma við. Snertifletir þeirra sem þurfa að þola ofbeldi eru til dæmis við lögregluna, barnavernd og við heilbrigðiskerfið.

Afleiðingar fyrir þolandann

Þjónustuþegar eru spurðir um þær afleiðingar sem þeir hafa upplifað en alls sögðu 96% þeirra vera að takast á við andlega vanlíðan í kjölfar ofbeldisins. Ef nánar er skoðað hvers konar andlegar afleiðingar, kemur í ljós að 82% eru að kljást við kvíða, 67% við streitu og 45% þjónustuþega eru að kljást við þunglyndi í kjölfar ofbeldisins. Þar að auki segjast 9% vera að kljást við fíknivanda í kjölfar ofbeldisins. Sjá nánar í töflu 17.

Afleiðingar	Fjöldi	Hlutfall
KVÍÐI	867	82%
STREITA	705	67%
ÞUNGLYNDI	474	45%
SVEFNLEYSI	369	35%
ÁFALLASTREITA	314	30%
FÍKNIVANDI	94	9%
Á EKKI VIÐ	46	4%
	2.869	271%

Tafla 17. Afleiðingar ofbeldisins. Alls greindu 1.059 þjónustuþegar frá samtals 2.869 ólíkum afleiðingum ofbeldis. Nefnarinn í útreikningum í töflu 17 er 1.059 til að sjá dreifingu afleiðinga á hvern einstakling og þ.a.l. er samanlagt hlutfall hærra en 100%.

Alls sögðust 350 einstaklingar (33%) hafa verið með sjálfskaðandi hegðun í tengslum við ofbeldið, og 39% þjónustuþega hefur verið með sjálfsvígshugsanir í kjölfar ofbeldisins. Hér er einungis er rætt um það ofbeldisatvik sem þjónustuþegi var kominn til að ræða í fyrsta viðtali, ekki hugsanleg önnur ofbeldisatvik sem viðkomandi hefur orðið fyrir. Alls var 24 einstaklingum (2,3%) vísað beint á geðdeild Landspítala í kjölfar viðtals í Bjarkarhlíð vegna virkra sjálfsvígshugsana.

Lögreglan

Alls sögðu 276 einstaklingar að lögreglan hafi haft afskipti af heimilinu vegna ofbeldisins. Það eru 27% af þeim sem svöruðu spurningunni um lögregluafskipti. 25% sögðu að spurningin ætti ekki við en 48% sögðu „nei“ við spurningunni, sem væri hægt að líta svo á að lögreglan hefði haft erindi á heimilið vegna ofbeldis. Alls sögðust 171 einstaklingar hafa kært ofbeldið til lögreglu.



Barnavernd

Af þjónustupegunum 1.059 sögðu 584 (55%) að börn byggju á heimili þjónustupega og er það hlutfall svipað og síðustu ár. Það var 51% árið 2019 og 52% árið 2020. Sjá töflu 18. Heildarfjöldi barna á heimilum þjónustupega er 1.085 börn, á aldrinum 0 til 17 ára.

Ár	Fjöldi	Já, barn/börn á heimili	Hlutfall
2019	565	288	51%
2020	827	432	52%
2021	1059	584	55%

Tafla 18. Fjöldi þjónustupega með barn eða börn á heimili.

Heilbrigðiskerfið

Alls svöruðu 1.030 einstaklingar spurningu hvort þau hefðu einhvern tímann hlotið líkamlega áverka í kjölfar ofbeldisins. Tæp 40% svöruðu þeirri spurningu játandi eða 405 einstaklingar. Af þessum 405 einstaklingum höfðu 157 einstaklingar 39% þeirra þurft að leita sér lækni-aðstoðar vegna áverkanna. Þjónustupegar sem eru spurðir hvort þeir hafi sagt viðkomandi heilbrigðisstarfsmanni frá því að áverkarnir væru eftir heimilisofbeldi og þá kemur í ljós að 85% sögðu já en 15% sögðu einhverja aðra sögu við heilbrigðisstarfsmanninn.

19. FYRRI ÁFÖLL TENGD OFBELDI

Alls sögðust 55% þjónustupega (582 einstaklingar) sem leituðu til Bjarkarhlíðar á árinu 2021 hafa sögu um fyrri áföll sem eru tengd ofbeldi. Ef það er greint nánar má sjá að margir hafa upplifað fleiri en eina tegund ofbeldis; af þeim 582 sem höfðu sögu um fyrri áföll tengd ofbeldi, höfðu 494 einstaklingar (85%) upplifað heimilisofbeldi ýmist beint og óbeint, 254 einstaklingar (44%) höfðu sögu um kynferðislegt ofbeldi, 221 einstaklingur (38%) hafði verið beittur andlegu ofbeldi og 117 einstaklingar (20%) höfðu verið beittir líkamlegu ofbeldi. Samanlagt hlutfall hér er hærra en 100% því margir einstaklingar hafa mátt þola fleiri en eina tegund áfalla í formi ofbeldis.

20. TILVÍSANIR EFTIR FYRSTA VIÐTAL

Eftir fyrsta viðtal í Bjarkarhlíð metur ráðgjafi stöðuna og vísar þjónustuþega í viðeigandi úrræði, annars vegar til fagaðila sem eru samstarfsaðilar Bjarkarhlíðar (innan Bjarkarhlíðar) og hins vegar í viðtal hjá fagaðilum sem ekki eru samstarfsaðilar Bjarkarhlíðar (utan Bjarkarhlíðar). Flestir þjónustuþegar fá tilvísun í fleira en eitt úrræði, alls fengu þjónustuþegarnir 1.059 tilvísanir 1.533 úrræði innan Bjarkarhlíðar og í 526 úrræði utan Bjarkarhlíðar eða samtals í 2.059 úrræði. Sjá nánar töflu 19.

Innan Bjarkarhlíðar	Fjöldi	Hlutfall
LÖGREGLAN	206	13%
STÍGAMÓT	142	9%
KVENNAATHVARF	571	37%
DREKASLÓÐ	110	7%
RÓTIN	7	0%
MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSL./KVENNARÁÐGJÖFIN	91	6%
ANNAÐ VIÐTAL Í BJARKARHLÍÐ	377	25%
ANNAÐ	29	2%
	1.533	100%
Utan Bjarkarhlíðar	Fjöldi	Hlutfall
ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ-FÉLAGSRÁÐGJAFI	115	22%
NEYÐARMÓTTAKA VEGNA KYNFERÐISOFBELDIS	3	1%
HEIMILISLÆKNIR	54	10%
GEÐDEILD	24	5%
AÐRIR FAGAÐILAR	234	44%
VIRK/GRETTISTAK	14	3%
BARNAVERND	37	7%
ANNAÐ	45	9%
	526	100%

Tafla 19. Tilvísanir í úrræði innan og utan Bjarkarhlíðar eftir fyrsta viðtal.

Nokkrir einkaaðilar styrktu Bjarkarhlíð á árinu 2021 en það var einkum í gegnum sölu á taupokum með merki Bjarkarhlíðar sem fyrirtækið Merkasjoppa útbjó og styrkti jafnframt í framleiðslu þokanna. Reykjavíkurborg veitti veglegan styrk í lok ársins til að koma til móts við aukna aðsókn í kjölfar umræðu um vistheimili. Hafnarfjörður, Garðabær og Seltjarnarnes voru þau sveitarfélög sem styrktu Bjarkarhlíð fyrir utan Reykjavík. Forsætisráðuneytið styrkti Bjarkarhlíð um mitt ár og var styrkurinn hugsaður til að huga að tæknilegum lausnum fyrir þjónustuþega á Covid-19 tímum. Landsvirkjun og Seðlabanki Íslands styrktu Bjarkarhlíð. Starfsfólk Sameyki-stéttarfélags gaf jólastyrk auk verslunarinnar Elko.

Bjarkarhlíð tók síðan þátt í átaki Vinnumálastofnunar sumarið 2021 og gat ráðið til sín ráðgjafa í sumarstarf í tvo og hálfan mánuð.

Stefnumótun og kynningarstarf

Í mars var haldinn stefnumótunarfundur þar sem allir samstarfsaðilar Bjarkarhlíðar komu saman ásamt starfsfólki. Halldóra Traustadóttir verkefnastjóri leiddi þessa vinnu Bjarkarhlíð að kostnaðarlausu. Unnið var með stefnumótun og framtíðarsýn.

Í apríl var kynnt ný kynningarherferð sem auglýsingastofan Sahara gerði í samstarfi við starfsfólk Bjarkarhlíðar. Afraksturinn var kynningarmyndband ásamt styttri myndböndum með kynningu á starfi lögreglu, lögfræðinga og ráðgjafa Kvennaathvarfsins. Auk þessa voru gerð þrjú ný myndbönd af „Þekktu rauðu ljósin,“ eitt með konu af erlendum uppruna, þólandi heimilisofbeldis og transmanni sem öll frá sögu sinni sem þolendur ofbeldis.

Samstarfsaðilar Bjarkarhlíðar stóðu fyrir fræðslu og upplýsingafundi með starfsfólki Bjarkarhlíðar haustið 2021. Sigprúður Guðmundsdóttir framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins kynnti starf þeirra og nýtt áfangaheimili sem nýlega er tekið til starfa. Þorbjörg Inga Jónsdóttir lögfræðingur kynnti starf og þjónustu Kvennaráðgjafarinnar. Elín G. Einarsdóttir lögfræðingur Mannréttindaskrifstofu kynnti þeirra starf og þá lögfræðiráðgjöf sem er í boði í Bjarkarhlíð. Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, talskona Stígamóta, kynnti þeirra starf og þjónustu. Þóra Kemp félagsráðgjafi hjá Reykjavíkurborg kynnti fjölbreytta þjónustu Reykjavíkurborgar þegar kemur að þolendum ofbeldis.

Bjarkarhlíð til framtíðar

Heildaraukning mála milli ára 2020 og 2021 var 28% og má því segja að Bjarkarhlíð hafi ennþá frekar sýnt fram á þörf samþættrar þjónustu fyrir þolendur ofbeldis. Árið 2021 var áfra ár áskorana í tengslum við Covid-19 en með vilja og samtakamætti allra sem koma að starfinu í Bjarkarhlíð var þjónustunni haldi gangandi samkvæmt sóttvarnareglum. Boðið var upp á símaviðtöl og myndviðtöl í samræmi við óskir þjónustuega.

Ragna Björg Guðbrandsdóttir félagsráðgjafi, MSW, gengdi starfi teymisstjóra árið 2021. Hrafnhildur Sigmarsdóttir, BA í mannfræði gengdi starfi ráðgjafa fram á mitt ár 2021. En Jenný Kristín Valberg kom til starfa í byjun árs 2021 og starfar ennþá. Í september 2021 hóf Karen Birna V. Ómarsdóttir félagsráðgjafi störf. Starfsfólk sækir reglulega handleiðslu.

Stjórn og starfsfólk Bjarkarhlíðar eru þakklát fyrir áframhaldandi stuðning stjórnvalda, Reykjavíkurborgar og annarra samstarfsaðila sem sýnt hafa vilja til að vinna saman í þágu þolenda ofbeldis. Þjónustuegar hafa nýtt sér Bjarkarhlíð og sýnt úrræðinu velvilja frá upphafi. Þverfagleg samvinna hefur sannað gildi sitt með aukinni þjónustu og öryggi fyrir þjónustuega.

Bjarkarhlíð er aðgengileg í gegnum samfélagsmiðilinn [Facebook](#) og hafa þjónustuegar nýtt sér það auk þess sem viðburðir og fræðsla er auglýst þar. Á [vefsíðu Bjarkarhlíðar](#) er hægt að nálgast upplýsingar um starfsemina og þá þjónustu sem í boði er bæði á íslensku og ensku. Þar er einnig hægt að bóka tíma í fyrsta viðtal hjá ráðgjafa eða í gegnum [nona appið](#).





Bjarkarhlíð

v. Bústaðaveg
553 3000
bjarkarhlid@bjarkarhlid.is
bjarkarhlid.is